


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009	<b>Eldri málningaraðferðir 103</b> <b>ELM103</b> <b>Kennsluáætlun vorönn 2010</b>	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Nafn kennara:	Hjördís Stefánsdóttir	Sk.stöfun:	HJÖ
---------------	-----------------------	------------	-----

## ELM 103 Eldri málningaraðferðir

### Undanfari: Enginn

#### Áfangalýsing

Í áfanganum fá nemendur kynningu á eldri málningaraðferðum og málningarefnum sem notuð eru við endurgerð og varðveislu gamalla bygginga og innanstokksmuna. Þeir læra um þróun málningarefna, aðferða og áhaldna í gegnum tíðina og kynnast lögum og reglum sem gilda um friðuð hús hér á landi. Gerð er grein fyrir helstu málningarefnum fyrri tíma s.s. límfarva, línólíu-, kalk- og temperamálningu, upp-byggingu þeirra, eiginleikum og notkun. Skoðaðar eru gamlar og uppgerðar byggingar en kennsla í áfanganum byggist einkum á verklegum æfingum með viðkomandi efnum þar sem komið er inn á allt ferlið frá því að málningin verður til og þangað til hún er borin á.

#### Áfangamarkmið

Nemandi

hafi þekkingu á byggingasögulegu gildi húsa og mannvirkja  
þekki lög og reglugerðir um húsafriðun og breytingar á húsum  
hafi innsýn í byggingarsögu tré- og steinhúsa á Íslandi  
geti lagt mat á afleiðingar mismunandi lausna fyrir varðveislugildi  
þekki reglur um öryggi og öryggisbúnað við málun eldri húsa  
þekki lita- og efnisval við málun eldri timburhúsa  
þekki málningarefni sem eldri húsum tilheyra  
þekki helstu liti sem notaðir voru á hverjum tíma  
viti um algengustu litarefni í eldri hús og uppruna þeirra  
þekki pensla og verkfæri sem notuð eru til marmara- og viðarmálunar  
þekki mismunandi pensla, gerð þeirra, hlutverk og notkun  
kunni skil á sérhæfðum verkfærum til að mála marmara- og viðarlíkingar  
þekki umhirðu og viðhald pensla og verkfæra sem notuð eru til að mála marmara- og viðarlíkingar  
kunni skil á grunnatriðum við málun marmara- og viðarlíkinga  
hafi innsýn í viðarfræði algengustu trjátegunda sem líkt er eftir  
þekki helstu marmarategundir sem líkt er eftir í eldri byggingum  
geti skipulagt fleti sem mála á í samræmi við hefðir og reglur  
geti valið og eftir atvikum lagað grunnefni með hliðsjón af verkefni  
þekki efnisval og vinnsluaðferðir við málun einstakra marmara- og viðarlíkinga  
þekki notkun skapalóna við málun marmara- og viðarlíkinga  
hafi innsýn í skyggingar og speglunartækni í marmara- og viðarlíkingum  
geti málað einfaldar marmara- og viðarlíkingar í samræmi við hefðir

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
2 - 17	Efni frá kennara þar sem farið er yfir lög og reglugerð um skipulags- og byggingarmál, lög um húsafriðun, húsafriðunar-nefnd, varðveislu, húsvernd, byggingarsögu, menningarverðmæti og timburhús.	Nemendur vinna verkefni í sambandi við lög og húsafriðun.

Vika	Námsefni (verklegur hluti)	Verkefni
2 - 17	Skoðaðar eru lasúraðferðir, lakrýlaðferðir, olíuaðferðir, grunnflötur, grunnefni, vinnsluaðferðir, mismunandi penslar, gúmmívals, mottlarar, pískari, æðaleggjari, æðadreifari, æðarkambur, vatnsæðaleggjari.	Nemendur vinna lasúrverkefni á plötur.

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	Efni frá kennara.
Verklegar æfingar	Efni frá kennara.

Annað	Lýsing
Markmið	Hafi þekkingu á byggingasögulegu gildi húsa og mannvirkja þekki lög og reglugerðir um húsafriðun og breytingar á húsum. Þekki lita- og efnisval við málun eldri timburhúsa. Þekki málningarefni sem eldri húsum tilheyra
Undanfari	Enginn

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Verkefni	30%
Verklegt	Lasúrverkefni	20%
Frammistaða á önn	Stundvísi, framfarir, ástundun, árangur, umgengni, símat	50%

**Réttur til breytinga áskilinn.**

**Dagsetning:**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils